

Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Smára 2005

Í nefndinni eru: Ása María Ásgeirsdóttir formaður, Þór Guðnason, Lára Bergljót Jónsdóttir, Kolbrún Kristjánsdóttir og Ragnheiður Másdóttir.

Á árinu var ýmislegt gert með börnum og unglingum í Smára. Mikilvægt er að efla og styrkja unglingastarf í félagi sem þessu. Unglingarnir eru félagar framtíðarinnar. Starf sem þetta kostar mikið þó margt sé unnið í sjálfböðavinnu t.d. skipulagning námskeiða ofl.

Hestamennska er mikið stunduð í umdæmi Smára og þar eru börn og unglingar stór hluti. Hestamennska er fjölskylduvænt fjölskyldusport.

Janúar 2005: Reiðtygjadagur var haldinn á Skeiðunum, þar sem 25 börn komu og lærðu um

umhirðu og viðhald reiðtygja. Gott framtak til að efla áhuga og virðingu ungmenna fyrir dýrum hlutum sem hver hestamaður þarf að eiga sem lengst.

12. Mars 2005: Sýningin Æskan og hesturinn í reiðhöllinni í Reykjavík. Um 70 manns fóru á

vegum Smára á sýninguna bæði börn og fullorðnir. Bæði var farið á rútu og einkabílum. Sýningin var mjög skemmtileg og áhugaverð og sýnir hver máttar reiðhallar er. Ungmennin sem hafa aðgang að henni standa framarlega og væri óskandi að okkar ungmenni hefðu sem fyrst aðgang að slíkri höll til að stunda sína hestamennsku. Eftir sýninguna var farið á Pizza Hut og mikið borðað, haldið var heim eftir góðan dag og beðið er eftir næstu sýningu.

9. apríl: Fóru 10 börn að Hestheimum til helgardvalar og voru þar undir handleiðslu Rósmary

Þorleifdsóttur. Að vanda var það vel heppnað og félagið greiddi töluvert niður kostnað fyrir þátttakendur. Kostnaður við svona helgi er mikill. Stefnt er að því að hafa svona helgi aftur næsta vetur þrátt fyrir að þátttakan hafi ekki verið meiri en raun bar vitni. Ánægjan og árangurinn af dvölinni var mikill og alltaf jafn vel tekið á móti gestum af þeim myndarhjónum á Hestheimum.

Á vordögum voru haldin reiðnámskeið á Kálfárbökkum og í Torfdal. Þátttaka var mjög góð

en um 40 börn á öllum aldri voru skráð til leiks. Kennari var Hugrún Jóhannsdóttir. Þáttakendum var skipt upp í hópa eftir getu og aldri. Almenn ánægja var með námskeiðið og nauðsynlegt að halda svona námskeið amk árlega. Veðrið reyndi á en áhuginn var náttúruöflunum sterkari og rigning, halg og rok stoppaði engan. Þáttökugjöld voru niðurgreidd um helming fyrir börn sem skráð eru í félagið, en það var sett sem skilyrði þetta árið.

Sumarnámskeið voru í boði á Brúnavöllum hjá Sólveigu Ólafsdóttir. Þar var sérstök áhersla á

unga iðkendur og byrjendur. Hestar voru á staðnum, tvö börn í hvert sinn og tveir kennarar. Mæltist þetta vel fyrir því ekki eru góðir barnahestar á hverjum bæ. Þetta var einnig greitt niður um helming af félaginu. Kostnaður á námskeiði þar sem einn kennari er á hvert barn er mikill en árangurinn þeim mun meiri.

Haustin eru rólegur tími í hestamenskunni og þá er tími til að sinna reiðtygjum og lesa margar fróðlegar bækur um hesta til að efla sig á því sviði fyrir átök komandi ára. Eins og veðurguðirni léku okkur í vor þá er auðséð að reiðhöll er mikilvæg og í raun nauðsynleg svo námskeið og aðrar uppákomur tengdar hestamenskunni einskorðist ekki bara við sumarið, þá eru jú margir á ferðalögum á hestum eða öðru. Nefndin er stórhuga og stefnir á margt skemmtilegt með börnum og unglingum á komandi starfsári.

Kveðja

Ása María Ásgeirsdóttir formaður.